

Reykjavík, 18 mars, 2007

Fréttatilkynning: Sáttmáli um framtíð Íslands

Virkja þarf sem nemur orku frá þremur Kárahnjúkavirkjunum á 25-30 nýjum svæðum á Íslandi gangi núverandi áætlanir um stóriðju eftir. Með þessum aðgerðum er verið að skuldbinda orkulindir Íslands til einhæfra nota til langs tíma, takmarka nýtingu á fjölbreyttari og verðmætari tækifærum, fórna gríðarlegum náttúruverðmætum og auka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ef fram fer sem horfir verður 85% af orkuframleiðslu Íslands bundin í álverum til langs tíma. Áætlanir um að stækka álverin í Straumsvík og Hvalfirði og byggja ný álver í Helguvík, á Húsavík og hefja álframleiðslu á Reyðarfirði þýða að framleiðsla áls mun aukast úr um 270,000 tonnum á ári (2003) í að minnsta kosti 1,5 milljónir tonna á ári. Ef öll álverin þyrftu í framtíðinni að stækka í samræmi við óskir álversins í Straumsvík verður orkuþörf þeirra meiri en tæknilega möguleg raforkuframleiðsla á Íslandi í dag, jafnvel þótt að Jökulsá á Fjöllum, Gullfoss og laxveiðiárnar séu taldar með. Þar með yrðu aðrir möguleikar á raforkunýtingu landsins útilokaðir.

Átök um um virkjanamál og stóriðju hafa á liðnum misserum rekið fleyg í þjóðarsálina og valdið klofningi milli landshluta, byggðarlaga og jafnvel innan fjölskyldna. Umfang núverandi stóriðjuáætlana er slíkt að ljóst er að deilurnar sem þjóðin hefur fengið nasasjón af á síðustu árum munu aðeins magnast. Því leggur Framtíðarlandið fram sáttmála um framtíð Íslands. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi Forseti Íslands er verndari sáttmálans.

1. Við höfum kjark til að byggja upp fjölbreytt og lifandi samfélag á Íslandi þar sem hugvit og sköpunargleði einstaklinga fær að njóta sín þeim sjálfum og öðrum til heilla.
2. Við sýnum komandi kynslóðum virðingu með því að láta lögfesta áætlanir um náttúruvernd áður en nokkuð frekar er aðhafst í orkuvinnslu.
3. Við öxlum ábyrgð á tímum viðsjárverðra loftslagsbreytinga í heiminum með því að fylgja alþjóðlegum skuldbindingum um losun gróðurhúsalofttegunda.

Fyrir stjórnámálamenn þýðir þetta að áður en ráðist verður í nokkrar frekari virkjunar- eða stóriðjuframkvæmdir verði búið að afgangi og samþykka fyrsta og annan áfanga Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og að Rammaáætluninni í heild verði gefið lögförmelegt vægi. Þar til því ferli er lokið verði ekkert frekar aðhafst í stóriðju- og virkjanauppbyggingu. Þetta útilokar ný álver í Helguvík og á Húsavík, sem og stækkun álveranna í Straumsvík og í Hvalfirði á tímabilinu. Á meðan þessu ferli stendur verði ekki leitað hófanna með aðrar virkjanir, hvort sem þær falla í umhverfisflokk A, B eða C samkvæmt núverandi skilgreiningu Rammaáætlunar. Ennfremur verði engum frekari rannsóknarleyfum úthlutað á þessu tímabili. Þá verði íslenska ákvæðið í Kyoto-bókuninni ekki notað frekar en þegar hefur verið gert vegna Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði.

Á meðal fyrstu stuðningsmanna sáttmálans má nefna: Sigurbjörn Einarsson, biskup, Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og aðstoðarforstjóri Time Warner, Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi Forsætisráðherra, Jón Eiríksson, bóndi á Vorsabæ, Skeiðum, Tryggvi Guðmundsson, Markaðsráðgjafi og knattspyrnumaður úr FH, Vilhjálmur Árnason, heimsspekiþáttur, Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi, Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor í eðlisfræði, Orri Vésteinsson, fornleifafraeðingur, Bjarni Haukur Þórsson, leikari og leikhúsframleiðandi, Margrét Harðardóttir arkitekt, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við HÍ, Mugison, tónlistarmaður, Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins CCP, Margrét Vilhjálmisdóttir, leikkona, Sr. Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur, Guðný Halldórsdóttir Laxness, kvikmyndaleikstjóri, Sr. Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur og prófastur, Steinunn Stefánsdóttir aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, Guðrún Agnarsdóttir, læknir og forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, Orri Vigfússon, viðskiptamaður og formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna í Norður-Atlantshafi, Sigurður Gísli Pálmason, viðskiptamaður, Dr. Hörður Arnarson, Forstjóri Marels og Ólafur Stefánsson, landsliðsmaður í handknattleik.

Orkuþörf áliðnaðar er gríðarleg. Það tæki þjóðina 50 ár að þurfa orku á við 250.000 tonna álver. Við erum einmitt núna, að taka ákvarðanir um nýtingu sem við eðlilegan vöxt samfélagsins tæki um 300 ár að ráðstafa. Sú kynslóð sem uppgötvar hálendið á miðjum aldri ætlar að vera sú sama sem ráðstafa því til framtíðar án þess að hafa forsendur eða þekkingu til að meta hverju hún er að fórna.

Sáttmálann um framtíð Íslands og rök fyrir honum má nálgast á www.framtidarlandid.is